

Starfsreglur fyrir Sjúkrasjóð Verkfræðingafélags Íslands (Áður Stéttarfélag verkfræðinga)

1. gr. Umboð stjórnar Sjúkrasjóðs VFÍ

1.1 Stjórn Kjararáðs VFÍ felur stjórn Sjúkrasjóðs VFÍ daglega umsjón og afgreiðslu fyrir Sjúkrasjóð VFÍ skv. reglugerð Sjúkrasjóðs VFÍ.

1.2 Stjórn Sjúkrasjóðs VFÍ skal móta starfsreglur um starfsemi sjóðsins sem skulu lagðar fyrir Stjórn Kjararáðs VFÍ.

2. gr. Sjúkra- og slysadagpeningar og fæðingarorlof

Dagpeninga og fæðingarorlofsdagpeninga skal greiða úr sjóðnum með eftirfarandi hætti:

1. Dagpeninga skal greiða frá þeim tíma að samningsbundinni eða lögboðinni kaupgreiðslu atvinnurekanda lýkur í allt að 120 daga, helga daga jafnt sem virka.

2. Vegna langvarandi veikinda maka eða barna sjóðfélaga skal greiða bætur í formi dagpeninga í allt að 60 daga enda missi sjóðfélagi launatekjur vegna þeirra, allt eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar hverju sinni.

3. Sjóðsstjórn er heimilt að lengja greiðslutíma dagpeninga, ef hún telur brýna nauðsyn til og fjárhagur sjóðsins leyfir í allt að 150 daga til viðbótar.

4. Sjóðsstjórn er heimilt að greiða hluta dagpeninga, ef sjóðfélagi getur ekki vegna sjúkdóms eða slyss stundað fulla vinnu.

5. Móðir sem er rétt hafi í sjúkrasjóðnum á rétt á greiðslu fæðingarorlofsdagpeninga jafn lengi og hún nýtur greiðslna úr fæðingarorlofssjóði. Faðir sem er rétt hafi í sjúkrasjóðnum á rétt á dagpeningagreiðslum jafn lengi og hann nýtur greiðslna úr fæðingaorlofssjóði. Á sama hátt eiga foreldrar sem eru sjóðfélagar rétt á viðbótargreiðslum ef um er að ræða andvanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu eða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu. Ef um fjölburafæðingu er að ræða skapast aukinn réttur til dagpeningagreiðslna sbr. lög um fæðingarorlof nr. 95/2000. Þessar greiðslur eru háðar því að sjóðfélagi njóti greiðslna úr fæðingarorlofssjóði.

Eftir að sjóðfélagi hefur fullnýtt rétt sinn til greiðslna úr sjúkrasjóði hverju sinni og greiðslum dagpeninga úr sjúkrasjóði VFÍ lýkur, öðlast sjóðfélagi ekki rétt á greiðslum úr honum að nýju fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því hann síðast hlaut greiðslur úr sjóðnum. Þetta á þó ekki við um dagpeningagreiðslur í fæðingarorlofi.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en í 810 daga alls fyrir hvern sjóðfélag.

Dagpeningar eru ekki greiddir þegar um varanlega örorku eða ellihrumleika er að ræða.

Dagpeningar skulu vera 80% af launum og við ákvörðun greiðslna er miðað við meðalinnborgun í sjóðinn síðustu 12 mánuði áður en réttur til dagpeninga skapast, enda hafi þær verið 1% af launum. Um dagpeningagreiðslur í fæðingarorlofi miðast dagpeningagreiðslur við meðallaun 12 mánaða tímabils sem lýkur 2 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs. Greiðslur skulu vera sem hér segir: Fæðingarorlofsdagpeningar úr sjúkrasjóði VFÍ nema 5% af meðallaunum bótáþega. Dagpeningar í fæðingarorlofi eru einungis greiddir þann tíma sem sjóðfélagi nýtur greiðslna úr fæðingarorlofssjóði.

3. gr. Augnaðgerðir, tæknifrjóvganir og ættleiðing.

Augnaðgerðir: Sjúkrasjóður VFÍ greiðir styrki sem nema 75% af útlögðum kostnaði sjóðfélaga þó að hámarki 150.000 kr vegna laseraðgerða á augum. Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðsfélagi samfellt í minnst eitt ár fyrir aðgerð.

Tæknifrjógungun: Sjúkrasjóður VFÍ greiðir styrki sem nema 75% af útlögðum kostnaði sjóðfélaga þó að hámarki 150.000 kr vegna meðferða á tæknifrjógungunardeildum. Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðsfélagi samfellt í minnst eitt ár fyrir greiðslu styrks.

Ættleiðing: Sjúkrasjóður VFÍ greiðir styrki sem nema 75% af útlögðum kostnaði sjóðfélaga þó að hámarki 250.000 kr vegna ættleiðingar. Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðsfélagi samfellt í minnst eitt ár fyrir greiðslu styrks.

Styrkir skv. 3. gr. greiðast hver um sig að hámarki einu sinni til hvers sjóðfélaga.

4. gr. Styrkir sem stuðla að bættu heilsufari og almennir styrkir.

Skv. 7. gr. Reglugerðar Sjúkrasjóðs VFÍ er heimilt að veita fé til fyrirbyggjandi aðgerða er stuðla að bættu heilsufari sjóðfélaga svo og til rannsókna og fyrirbyggjandi verkefna á sviði heilbrigðis- og öryggismála. Sjóðurinn veitir fé til slíkra aðgerða og verkefna í formi styrkja til sjóðfélaga. Undir þennan málaflokk falla m.a. eftirtalin atriði:

Meðferðir hjá: Sjúkráþjálfara, iðjuþjálfara, sjúkrannuddara og kiropraktor, sálfræðingi, hjúkrunarfræðingi, félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa eða sambærilegum faglega viðurkenndum meðferðaraðila.

Foreldranámskeið.

Rannsóknir svo sem: Krabbameinsskoðun, faraldsfræðilegar rannsóknir/ hjarta-, lungna og æðaskoðun.

Hjálpartæki svo sem: gleraugu, linsur, heyrnartæki .

Íþróttaiðkun, heilsurækt.

Lækningar: Tannlækningar, lýtalækningar, augnaðgerðir, aðrar lækningar sem styrkþegi ber kostnað af.

Styrkir vegna þessarar greinar starfsreglna eru veittir gegn framvísun reikninga sem sýna útlagðan kostnað sjóðfélaga. Hámark árlegrar styrkuppþæðar nemur 50% af ársiðgjöldum viðkomandi sjóðfélaga. Heimilt er að safna upp iðgjöldum þriggja ára til styrkja samkvæmt þessari grein.

Lágmarksupphæð hvernar afgreiðslu er styrkur að upphæð 10.000 kr. Heimilt er að safna saman reikningum fyrir kostnaði sem sótt er um styrk fyrir.

5. gr. Útfararstyrkur, dánarbætur og örorkutrygging.

Útfararstyrkur: Styrkurinn greiðist gegn framvísun reikninga og er að hámarki kr. 300.000. Dánarbætur skulu vera hundraðshluti af launum og við ákvörðun greiðslna er miðað við meðalinnborgun í sjóðinn síðustu 12 mánuði áður en réttur til dánarbóta skapast, enda hafi þær verið 1% af launum. Greiðslur skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir maka eða sambýling: jafngildi einna mánaðarlauna.
2. Fyrir hvert barn sjóðfélaga, yngra en 18 ára: jafngildi ½ mánaðarlauna greiðist til barns eða vörsluaðila.

Sjúkrasjóður VFÍ veitir bætur vegna varanlegrar örorku vegna slyss í frítíma eða sjúkdóma. Bæturnar greiðast sem eingreiðsla við örorkumat. Greidd er fjárhæð 2.000.000 kr. fyrir 75% örorkumat eða hærra, og lækkar í réttu hlutfalli við minnkandi örorkuhlutfall.

6. gr. Flutningur milli sjúkrasjóða.

6.1 Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði annars stéttarfélags, öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði VFÍ skv. 2. gr, eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafi hann fram að því rétt hjá hinu félaginu.

6.2 Hafi verið greitt í fleiri en einn sjúkrasjóð þegar sótt er um greiðslu, skal umsækjandi greina frá í hvaða sjóði greitt hefur verið vegna hans, og er heimilt að fresta greiðslu bóta þar til staðfesting annarra sjóða liggur fyrir, um að umsækjandi hafi ekki sótt um greiðslur þaðan. Sjúkrasjóðurinn skal leita slíkrar staðfestingar og gefa öðrum sjóðum yfirlit um bætur sem greiddar eru vegna umsækjandans, tegund og fjárhæð bóta.

7. gr. Önnur atriði

Bætur úr Sjúkrasjóði VFÍ greiðast mánaðarlega. Umsóknir skulu berast rafrænt á þar til gerðu formi sem er að finna á heimasíðu VFÍ og senda, ásamt nauðsynlegum vottorðum og reikningum fyrir 20. hvers mánaðar til að greiðsla geti borist fyrsta dag mánaðarins á eftir.

Samþykkt á 1100. fundi stjórnar SV, 24. júní 2003

Breytt á 1112. fundi stjórnar SV, 9. mars 2004

Breytt á 1177. fundi stjórnar SV, 26. júní 2007

Breytt á 1192. fundi stjórnar SV, 25. maí 2008

Leiðrétting texta á 1197. fundi stjórnar SV, 15. október 2008